



## Myndlist



Verk Dales Chihulys á Kjarvalsstöðum

„List Chihulys, það sem ég kalla skrautleikhús hans, er hvorki séramerísk né sérstaklega á skjön við góðan smekk. Hún er í rauninni rökrétt framlenging af evrópsku barokki og rókókó, þar sem reynt er til hins ýtrasta á þanþol forma og líta.“

## Í skrautleikhúsi Chihulys

Það er kannski til marks um hversu mjög við hræðumst eigin tilfinningar, hræðumst að láta berast á vængjum þeirra út á ystu nöf upplifana og skynjana, að við skulum finna hjá okkur hvöt til að réttlæta hrifningu okkar á skrautleikhúsi eins og því sem bandaríski glerlistarmaðurinn Dale Chihuly færir okkur á sýningu sinni á Kjarvalsstöðum. Að minnsta kosti er hrifning margra þeirra sem skoða sýningar Chihulys tempruð ákveðnum efasemdum um takmarkalausa skrautfikn hans og virðingarleysi fyrir viðteknum aðferðum og reglum glerlistarinnar. Í Evrópu hafa áhorfendur hans stundum tilhneigingu til að flokka hvort tveggja undir ameríska óskammfeini og vúlgarítet.

En list Chihulys, það sem ég kalla skrautleikhús hans, er hvorki séramerísk né sérstaklega á skjön við góðan smekk. Hún er í rauninni rökrétt framlenging af evrópsku barokki og rókókó, þar sem reynt er til hins ýtrasta á þanþol forma og líta. Hver sá sem gengið hefur um austurrískar kirkjur frá 17. öld eða feneyskar hallir frá svipuðum tíma, þar sem öll mörk milli veggja, loftrýmis og yfirborðsskreytinga eru horfin og allt naglfast virðist leyst upp í englabassa, ávexti og allrahandla lífrænt skreyti, sá hinn sami lætur sér ekki bregða við þann glerformasín sem Chihuly stráir upp um alla veggj á Kjarvalsstöðum. Sé sá sínfón á skjön við kaldan og vélrænan samtíma vörn, er það Chihuly að kenna eða samtímanum?

### Á kafi í barokki

Annars er gaman að spegla enn frekar í listrænu upplagi þessa töframans frá vesturströnd Bandaríkjanna. Það er engin furða þótt hann sé allur á kafi í evrópsku barokki því það er einmitt í Feneýjum, nánar tiltekið hjá glerblásurum í Murano, sem Chihuly hlaut eldskirn sína sem glerblásari. Og þar kynnist hann fyrst ákveðinni hóp-vinnu og framleiðsluferli sem hann tileinkaði sér þegar eftirspurnin eftir verkum hans ætlaði hann lifandi að drepa. Hér er um að ræða meistara- og lærlingakerfið sem eftirsóttir evrópskir listamenn, allt frá Rubens til Anselms Kiefer, hafa notað. Þar leggur „meistarinn“ línuna, ýmist með teikningum eða sýnikennslu, og „lærlingarnir“ vinna úr hugmyndum hans og bera árangurinn undir „meistarann“ sem setur uppfasstafi sína á þau verk sem hann hefur velþóknun á.

Líka er athyglisvert hvornig þessi ærslafengna og oft yfirgengilega skrautlega glerlist brúar bilið milli menningar og náttúru. Chihuly vinnur gjarnan í seríum og er nokkrar þeirra að finna á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Körfur heitir ein serían, en þar tekur listamaðurinn mið af körfugerð norður-amerískra indíána, ekki einasta lögun þessara íláta heldur þeir eigi að taka á þeim. „Á meðan við stöldrúm við á þessum biðstöðvum frásagnarinnar er eins og tíminn standi í stað og eilíf fegurð ríki í allri neyðinni.“

Aðalhlutverkið var í höndum Gunnars Guðbjörnssonar tenórsöngvara, sem var guðspjallamaður og sögumaður. Var hann í einu orði sagt fráþær. Hann þurfti greinilega ekki á neinum íhlaupatenör að halda heldur sýndi tæknilegt öryggi í hvívetna og náði að túlka hvert atriði sögunnar með ólíkum blæbrigðum eftir því sem við átti.

Davíð Ólafsson bassi var í hlutverki Jesú, en Davíð er að útskrifast frá Tónlistarskólanum í Vínarborg núna í vor og er greinilega bráðefnilegur. Röddin hljómaði þétt og vel mótuð, og var túlkunin oft mjög sannfærandi. Þetta er óneitanlega krefjandi

dýrindis klæði, kniplinga og silkslör. Kannski er lkebana-sería Chihulys eitt besta dæmið um þennan samruna menningar og lífríkis, en þar vinnur hann út frá hefðbundnum blómaskreytingum Japana, sem eru sjálfar margslunginn blendingur þessara tveggja þátta og eykur nýrri náttúruskirkotun við þær svo að úr verður eins konar póstmóðernískur viðauki við hefðina.

### Hreyfing og svif

Fáir listamenn spila betur á alla eiginleika litglera en einmitt Chihuly: hörku þess og viðkvæmt eðli, gegnsæi þess og matt yfirbragð, skreyti þess og notagildi, þá eiginleika þess að geta í senn verið gegnheilt og gegnsætt. Sjálfum þykir mér mest um vert hvornig Chihuly tekst að gefa til kynna hreyfingu eða svif með glerverkum sínum, jafnvel þeim sem sitja kirfilega á gólfinu. Inni í þeim svifa síðan önnur og smærri glerform eins og í eigin heimi.

Það er ljóst að flutningur þessarar sýningar Chihulys til Íslands er meiri háttar afrek. Og uppsetning hennar er í hæsta máta leikræn og áhrifamikil. Áhorfanda er fyrst beint inn í sal þar sem sitja „fjörusteinar“ listamannsins, öðru nafni Nijima Floats, dökkir og ábúðarfullir. En um leið og komið er fyrir næsta horn opnast okkur undraland og ævintýri sem teygt er til endimarka sýningarinnar, með hverri gleruppákomunni á fætur annarri, uns skilningarvit okkar segja stöpp.

Aðalsteinn Ingólfsson

## Gunnar og Grýla verðlaunuð

Gunnar Karlsson, hinn þekkti myndlistarmaður og myndskreytir (á mynd), fékk Barnabókaverðlaun Reykjavíkur í vikunni sem leið fyrir fyrstu barnabókina sem hann á sjálfur bæði texta og myndir í. Þetta er að sjálfsögðu Grýlusaga, saga í bundnu máli um afa þegar hann var litill og svo óþekkur að Grýla kom og náði í hann. Hér í DV sagði Margrét Tryggvadóttir að myndir hans í bókinni væru furðulega heillandi miðað við að þær væru gerðar í tölvu: „Yfirleitt eru tölvuteiknaðar myndir í barnabókum fremur einfaldar og flatar, en hér er áferðin margbreytileg og myndirnar lifandi. Gunnar leikur sér með andstöða líti og magnar með því upp andstöður sögunnar. Hann notar appelsínugula tóna til að tákna hita og á móti notar hann bláa og kalda líti og því verða skilin milli hlýju og kulda skarpari en ella. Úr verður heilsteyp bók sem dregur upp aðra og upprunalegri mynd af þessum mikla skelfi íslenskra barna en þá ljúfu skrípamynd sem er algengari nú í aldarlok.“



DV-MYND HARI  
Gunnar Karlsson  
Verðlaunaður fyrir  
hugmyndaríka  
ljóðsögu.

Guðni Kolbeinsson fékk þýðingarverðlaunin fyrir bókaflökkinn Ógnaröfl (Æskan) en auk þess voru verðlaun veitt fyrir aðáunavert framlag til íslenskra barnabókmennta og hlutu þau Ragnheiður Gestsdóttir og Áslaug Jónsdóttir sem báðar hafa samið og myndskreytt barnabækur.

## Norræna kvennakóramótið

Í kvöld kl. 20.30 hefjast tónleikar Kvennakórs Glier tónlistarskólans í Háteigskirkju. Þetta er heimsfrægur kór frá Úkraínu sem er heiðursgestur á hinu mikla norræna kvennakóramóti sem nú er hafið í boði Kvennakórs Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að þátttakendur á mótinu verði um 900 og þar af koma um 400 að utan.

Kl. 12.30 í hádeginu á föstudaginn verða haldnir tvennir tónleikar í tengslum við mótið, aðrir í Ými og hinir í Norræna húsinu, en um kvöldið verða alls sex tónleikar, kl. 20 og kl. 22 í Háteigskirkju, Ými og Tjarnarbíói.

## Sálmar lífsins

Fjölmargin minnst með gleði tónleika Sigurðar saxófonleikara og Gunnars Gunnarssonar organista í Hallgrímskirkju í fyrra sem þeir kölluðu Sálmur lífsins. Umsögn sinni um þá í DV lauk Ingi Þór Kormásson afdráttarlaus: „Með eindæmum hrifandi. Bravó!“ Og nú má enn gleðjast því geisladiskur með þessum tónleikum er kominn út.



Á diskunum leika Sigurður og Gunnar fjórtán sálmalög frá ýmsum tímum og flytja þau öll í eigin útsetningum þar sem áhersla er lögð á spuna. Margir sálmana tengjast stórhátíðum kirkjuársins og ýmsum kirkjulegum athöfnum, svo sem skírn, ferming, brúðkaupi og útför. Elstu sálmalögin eru frá 15. öld en þau yngstu frá síðustu áratugum, og eru mörg þeirra í hópi hinna þekktustu meðal þjóðarinnar – til dæmis „Heyr himnasmíður“ og „Ég kveiki á kertum mínum“.

Mál og menning gefur diskinn út.

## Tónlist

## Hinir hólpnu

Nokkrir rasspreyttir áheyrendur heyrðust kvarta sáran eftir tónleikana í Hallgrímskirkju á miðvikudagskvöldi. Þá var flutt Jóhannespassían eftir Bach, langt verk sem á hörðum kirkjubekkjum tekur heila eilífð. Nú var Bach enginn sadisti og því finnst sumum einkennilegt að hann skuli hafa samið svona langa tónsmíð til flutnings í kirkju. En auðvitað var þetta úthugsað hjá honum, annaðhvort drepst áheyrandinn eða kemst í eitthvert upphafið leiðsluástand sem er handan við líkamann og þar sem andleg sanningin opinberast og skýra sig sjálf. Þetta er sambærilegt við pílagrímana sem baða sig í kaldri ánni Ganges í Indlandi svo líkaminn dofini og hugarinn opnast fyrir hinu yfirskilvitlega. Kjarni tónlistarinnar er á andlega sviðinu, og þá þýðir ekkert að vera að pírra sig yfir bekkjunum og vera allur á iði, heldur bara gleyma afturendanum á sér. Svo verður maður að loka augunum og reyna að tyna sér í tónlistinni.

Jóhannespassían segir söguna af því þegar Jesú er svikinn og handsamaður, yfirheyrður og kross-

hlutverk og lofar frammiðaða Davíðs góðu um framtíðina. Sama má segja um annan nemanda frá Tónlistarskólanum í Vín, Sigríði Aðalsteinsdóttur, hún söng altariurnar afar fallega, þó rödd hennar hafi reyndar ekki borist eins vel um kirkjuna og raddir hinna. Gamla kempan af óperusviðinu, Loftur Erlingsson, sem var Pontíus Pílatus, var hins vegar ekki í neinum vandræðum með að hrista gólf og veggi með sinni þrumuraust. Frammiðaða hans var hin glæsilegasta, túlkunin tilfinningaþrungin og óhamin þegar við átti. Einnig sýndi Marta G. Halldórsdóttir ágæta tilburði í sópranaríunum.

Mótettukór og Kammersveit Hallgrímskirkju voru í góðu formi, og styrkleikajafnvægið prýðilegt. Hörður Áskelsson stjórnaði öllu saman af nákvæmni og smekkvísi, túlkunin var hjartnæm og kraftmikil án þess að vera nokkru sinni yfirdrifin. Var þetta glæsileg uppfærsla á einu magnaðasta verki tónbókmenntanna.

Jónas Sen